

## Umhverfismat áætlana

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið stundað hér á landi samkvæmt löggjöf frá árinu 1994. Sumarið 2001 samþykkti Evrópusambandið formlega tilskipun um umhverfismat áætlana, þar sem gert er ráð fyrir að kröfur tilskipunarinnar séu uppfylltar með sér lögum eða felldar inn í viðeigandi lagabálka sem fyrir eru (http://europa.eu.int/comm/environment/eia/). Umhverfismat áætlana er kerfisbundið ferli til að meta áhrif tiltekinna áætlana á umhverfið. Einn aðaltilgangur með umhverfismati áætlana er að fjallað sé um og tekið tillit til umhverfissjónarmiða snemma í ákvörðunarferlinu á sama hátt og tekið er á efnahagslegum og samfélagslegum sjónarmiðum. Tilskipunin hefur ekki verið tekin inn í íslensk lög, en frestur til þess er fram í júní 2004. Vísir að kröfum um slíkt umhverfismat er í núgildandi skipulags- og byggingarlögum.

### Tilskipun Evrópusambandsins

#### um umhverfismat áætlana

Markmið tilskipunarinnar um umhverfismat áætlana er að vernda umhverfið og stuðla að sjálfbærri þróun, með því að taka tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð og ákvarðanatöku. Umhverfismat áætlana er n.k. útvíkkun á mati á umhverfisáhrif-um framkvæmda, en þar eru umhverfisáhrif framkvæmda metin og gripið til viðeigandi mótaðgerða. Með umhverfismati áætlana er tekið á umhverfisáhrifum fyrr í ákvörðunarferlinu og umhverfisáhrif metin þar sem líklegt er að tiltekin áætlun muni hafa veruleg áhrif á umhverfið. Aukið gegnsæi og þátttaka almennings eru mikilvægir þættir í umhverfismatinu og er litið á að samráð við stofnanir og almenning muni tryggja að tillit sé tekið til mismunandi hagsmuna og að mikilvægar upplýsingar komi fram sem fyrst. Umhverfismat áætlana á að fara fram á undirbúningsstigi og fyrir gildistöku eða lögleiðingu áætlunar.

Umhverfismat áætlana skal m.a. fara fram fyrir allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem falla undir tilskipun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og fjalla um landbúnað, skóg-rækt, fiskeldi, orku, iðnað, samgöngur, förgun úrgangs, vatns-stjórnun, fjarskipti, ferðaþjónustu, skipulag og landnotkun.

#### Umhverfismat áætlana og vegagerð

Alþingi hefur samþykkt frumvarp til laga um samgönguáætlun og mun hún taka við af langtímaáætlun Vegagerðarinnar. Samgönguáætlun mun þurfa að fara í umhverfismat áður en hún verður samþykkt á Alþingi. Fjárhagsáætlanir eru meðal áætlana sem ekki eru háðar mati og því er ekki gert ráð fyrir að veg-áætlun þurfi að fara í umhverfismat.

Umhverfismat áætlana byggir á samskonar aðferðarfræði og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, en fjallar þó um umhverfisáhrif í mun víðara samhengi. Umhverfismat áætlana gerir til að mynda kleift að skoða valmöguleika sem jafnan eru ekki til umræðu á framkvæmdastigi (t.d. leiðarval og val milli mismunandi samgöngumáta). Umhverfisáhrif sem um ræðir innifela m.a. hnattræn umhverfisáhrif (s.s. gróðurhúsaáhrif), óbein áhrif (t.d. ef áætlun hvetur til annarra verkefna sem fela í sér umhverfis-áhrif), heildaráhrif og samlegðaráhrif (t.d. ef áhrif af nokkrum verkefnum samtímis eru meiri en summan af einstökum verk-efnum). Umhverfismatið skal unnið samhliða áætlanagerð. Þegar vinna við nýja samgönguáætlun hefst, eða við endurskoð-un, þarf því að kanna hvaða áhrif hún muni líklega hafa á umhverfið og hvaða valkostir eru sambærilegir eða betri m.t.t. umhverfisins. Vinsa þarf út þá þætti umhverfisins sem áhersla verður lögð á við umhverfismatsvinnuna. Þeir eru skoðaðir nán-ar og um þá fjallað í matsskýrslu. Þá þarf að greina frá mögulegum áhrifum áætlana og mismunandi valkosta á þessa þætti á þann

hátt að ákvörðunaraðilar geti gert sér fulla grein fyrir mögulegum áhrifum sem framkvæmd samgönguáætlunar getur haft á umhverfið.

#### Þróunarverkefni Vegagerðarinnar

VSÓ Ráðgjöf vinnur að þróunarverkefni um umhverfismat áætlana fyrir Vegagerðina og mun því ljúka í sumar. Tilgangur verkefnisins er m.a. að veita starfsfólki Vegagerðarinnar innsýn í umhverfismat áætlana, kynna væntanlegar kröfur, leggja fram tillögur um verklag þess og kynna helstu kosti og galla við slíkt umhverfismat. Gera má ráð fyrir að ráðgjafar VSÓ sem vinna verkefnið muni þurfa að leita til aðila innan Vegagerðarinnar. Verkefnið verður kynnt fyrir fulltrúum Vegagerðarinnar og verður aðgengilegt á heimasíðu Vegagerðarinnar. Fyrirspurnum er hægt að koma til Sebastian Peters, sebastian@vso.is, eða Ásdísar Guðmundsdóttur, asdis.e.gudmundsdottir@vegagerdin.is.

*Ásdís Guðmundsdóttir, Vegagerðin*  
*Sebastian Peters, VSÓ*

## Niðurstöður útboða

<b>Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2002</b> <sup>02-063</sup>			
Tilboð opnuð 10. júní 2002. „Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2002“. Verkið felst í loftmyndaöku á 7 svæðum og stafrænum kortgrunni á 7 svæðum u.þ.b. 570 km² og þar af brotlínur á u.þ.b. 94 km². Verklök: Loftmyndatöku skal lokið 25. ágúst 2002. Síðasta svæði af stafrænum kortgrunni skal lokið 1. nóvember 2003.			
<b>nr. Bjóðandi</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Frávik</b>
	(kr.)	(%)	(þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	7.400.250	100,0	3.282
2 Verkfræðistofan Hnit hf., Reykjavík	4.807.285	65,0	689
1 Loftmyndir ehf., Reykjavík	4.118.400	55,7	0

<b>Hringvegur (1), hringtorg við Breiðholtsbraut</b> <sup>02-065</sup>			
Tilboð opnuð 10. júní 2002. Reykjanesumdæmi. Hringvegur (1), hringtorg við Breiðholtsbraut. Helstu magntölur eru: skeringar 1.700 m³, fyllingar 4.800 m³, malbik 4.500 m², frágangur fláa 5.000 m². Verki skal að fullu lokið 15. september 2002.			
<b>nr. Bjóðandi</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Frávik</b>
	(kr.)	(%)	(þús.kr.)
7 Fleygtak ehf., Reykjavík	51.000.000	115,9	8.839
6 Verktækni ehf., Selfossi	50.751.000	115,4	8.590
--- Áætlaður verktakakostnaður	43.989.000	100,0	1.828
5 Jarðvélar sf., Reykjavík	43.743.010	99,4	1.582
4 Háfell ehf., Reykjavík	43.711.750	99,4	1.551
3 JVJ ehf., Hafnarfirði	42.959.270	97,7	798
2 Heimir og Þorgeir ehf., Kópavogi	42.282.950	96,1	122
1 Loftorka ehf., Garðabæ	42.161.000	95,8	0

## Svarfaðardalsvegur (805) og Tunguvegur (806), Húsabakka-skóli - Ytra Hvarf

<sup>01-035</sup>

Tilboð opnuð 10. júní 2002. Norðurlandsumdæmi eystra. Endurbýgging Svarfaðardalsvegar og nýbygging Tunguvegar, frá Húsabakkaskóla að Ytra Hvarfi. Lengd kaflans á Svarfaðardalsvegi er 5,9 km og Tunguvegar 2,4 km.

Helstu magntölur: fyllingar 71.500 m³, fláafleygar 28.300 m³, burðarlög 57.200 m³, frágangur fláa 143.000 m², neðra lag klæðingar 55.600 m².

Endurbýggingu Svarfaðardalsvegar á um 4,4 km löngum kafla skal að fullu lokið 15. september 2002. Byggingu Tunguvegar með neðra burðarlagi skal lokið 1. nóvember 2002 og verkinu öllu skal lokið 15. júlí 2003.

<b>nr. Bjóðandi</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Frávik</b>
	(kr.)	(%)	(þús.kr.)
7 Nóntindur ehf., Búðardal	89.962.600	109,9	18.875
6 Steypustöðin Dalvík ehf., og GV gröfur ehf., Dalvík	88.449.000	108,0	17.362
5 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	85.198.200	104,1	14.111
--- Áætlaður verktakakostnaður	81.862.917	100,0	10.775
4 Borgarverk ehf., Borgarnesi	81.606.000	99,7	10.518
3 Klæðning ehf., Kópavogi	79.924.000	97,6	8.836
2 Búvélaverkstæðið Klaufi hf., Dalvík	78.065.660	95,4	6.978
1 Árni Helgason, Ólafsfirði	71.087.500	86,8	0

## Seyðisfjarðarvegur (93), ferjulægi á Seyðisfirði, brú á Fjarðará

<sup>02-057</sup>
Tilboð opnuð 10. júní 2002. Austurlandsumdæmi. Smíði brúar á Fjarðará í Seyðisfirði. Brúin er 28 m löng steipt eftirspennt bitabrá 10,8 m breið.

Helstu magntölur: vegrið: 128 m, gröftur: 3.000 m³, rofvarnir: 560 m³, mótafletir: 914 m²,

steypustyrktarjárn: 26,7 tonn, spennt járnalögn: 7,4 tonn, steypa: 355 m³.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2002.

<b>nr. Bjóðandi</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Frávik</b>
	(kr.)	(%)	(þús.kr.)
7 Lárus Einarsson sf., Mosfellsbæ	47.428.350	109,7	13.012
--- Áætlaður verktakakostnaður	43.227.880	100,0	8.812
6 Brú Verktakar ehf., Reykjavík	38.826.088	89,8	4.410
5 Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	37.586.906	87,0	3.171
4 Trésmiðjan Töggur ehf., Seyðisfirði	36.026.140	83,3	1.610
3 Eikarverktakar ehf., Kópavogi	35.845.800	82,9	1.430
2 G. Ármannsson ehf., Egilsstöðum	35.764.006	82,7	1.348
1 Mikael ehf., Höfn	34.416.100	79,6	0

## Vetrarþjónusta: Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2002 - 2005

<sup>02-053</sup>

Tilboð opnuð 10. júní 2002. Vestfjarðaumdæmi. Snjómokstur innan ramma marksamnings á Djúpvegi (61) frá Guðlaugsvík að vegamótum Vatnsfjarðarvegar í Ísafirði og á Vatnsfjarðarvegi (633) þaðan að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru: snjómokstur með vörubifreið 23.000 km.

Verki lýkur 30. maí 2005.

<b>nr. Bjóðandi</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Frávik</b>
	(kr.)	(%)	(þús.kr.)
4 Böðvar Hrólfsson, Hólmavík	9.873.000	124,7	2.054
3 Ágúst Guðjónsson, Hólmavík	9.656.000	122,0	1.837
2 Björn Sverrisson, Hólmavík	9.174.000	115,9	1.355
--- Áætlaður verktakakostnaður	7.917.016	100,0	98
1 Þorbjörn Valur Þórðarson, Hólmavík	7.819.000	98,8	0

## Reykjanesbraut (41), mislæg gatnamót við Stekkjarbakka, hönnun

<sup>02-050</sup>

Tilboð opnuð 10. júní 2002. Reykjanesumdæmi. For- og verkhönnun á mislægum gatnamótum þar sem Stekkjarbakki - Smiðjuvegur þverar Reykjanesbraut (41).

Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnisvals og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð.

Um verkið gilda Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST 35, 1. útgáfa 1992-03-01.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Verkefnið skiptist í tvo tímasetta áfanga:

- Forhönnun skal lokið 3. október 2002.

- Verkhönnun skal lokið 23. janúar 2003.

<b>nr. Bjóðandi</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Frávik</b>
	(kr.)	(%)	(þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	48.000.000	100,0	16.795
5 Hnit hf. og Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík (64)	38.552.500	80,3	7.348
4 VSÓ Ráðgjöf ehf., Reykjavík (64)	36.170.938	75,4	4.966
3 Hönnun hf., Reykjavík (63)	34.889.000	72,7	3.684
2 Fjölhönnun ehf., Reykjavík (60)	33.720.000	70,2	2.515
1 Línuhönnun hf., Reykjavík (64)	31.205.000	65,0	0
Einkunn hæfnismats er innan sviga, hæst gefið 70 og gildir hæfnismat 70% á móti tilboðsupphæð 30%.			